

## Fundargerð 442

Föstudaginn 26. ágúst 2016 kom stjórn Byggðastofnunar kom saman til fundar að Ártorgi 1, Sauðárkróki. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Herdís Á Sæmundardóttir stjórnarformaður, Einar E. Einarsson varaformaður, Karl Björnsson, Oddný María Gunnarsdóttir, Páll Baldursson og Sigríður Jóhannesdóttir. Auk þeirra voru á fundinum Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Árni Ragnarsson sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 7), Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hinrik Gunnarsson löggiltur endurskoðandi (við dagskrárliði 1-2), Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs (við dagskrárliði 1-5), Pétur Bjarnason sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 6), Sigurður Árnason sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 7), Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Valdimar Hafsteinsson boðaði forföll og varamaður hans átti ekki tök á að mæta.

Formaður setti fund kl. 10:00 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Árshlutareikningur janúar-júní 2016
3. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2016
4. Staða lánasafns 30.06.2016 og framfylgd áhættustefnu
5. Fundargerðir lánanefndar
  - ...
6. Staða og helstu verkefni AVS (aukið virði sjávarfangs)
7. Byggðaáætlun 2017-2023
8. Aflamark Byggðastofnunar
9. Önnur mál
10. Næsti fundur

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 441 og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

### 2. Árshlutareikningur janúar – júní 2016

HG, AP og MH fóru yfir árshlutareikning stofnunarinnar vegna tímabilsins janúar-júní 2016 auk ýmissa sundurliðana á rekstri sem lagðar voru fram. Hagnaður tímabilsins nam 45 mkr. Eignir námu 13.214 mkr., skuldir 10.418 mkr. og eigið fé 2.796 mkr. Eiginfjárhlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki nam í lok júní 21,73%

Formaður bar árshlutauppgjörið upp og var það samþykkt samhljóða.

### 3. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2016.

AP, EGK og SBS fóru yfir stöðu verkefna skv. starfsáætlun 2016.

### 4. Staða lánasafnsins og 30.06.2016 of framfylgd áhættustefnu

AP kynnti bréf frá Fjármálaeftirlitinu þar sem Byggðastofnun er veitt undanþága frá starfrækslu áhættunefndar sbr. 5. mgr. 78. gr. laga um fjármálafyrirtækja nr. 161/2002. Í

bréfinu vekur Fjármálaeftirlitið jafnfram athygli á að þegar fallist er á beiðni um undanþágu frá starfsrækslu áhættunefndar þá hvíli þær starfsskyldur sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. ofangreindra laga á stjórn fjármálafyrirtækis.

EGK fór yfir stöðu útlánasafns 30. júní sl. stærstu útlán og hæstu vanskilin. Þá kynntu AÐ og MH minnisblöð um lausafjár-, gengis- og vaxtaáhættu. AÐ upplýsti einnig um að stofnunin myndi þurfa að fara í skuldabréfaútgáfu á árinu. Þá upplýsti EGK um að á næsta fundi stjórnar verði áætlun um skýrslugjöf til stjórnar lögð fram til endurskoðunar.

## 5. Fundargerðir lánanefndar

*Fundargerð lánanefndar nr. 17/16, 16. júní 2016*

AÐ fór yfir fundargerðina.

Fundargerðin staðfest.

*Fundargerð lánanefndar nr. 18/16, 22. júní 2016*

AÐ fór yfir fundargerðina.

Fundargerðin staðfest.

*Fundargerð lánanefndar nr. 19/16, 5. júlí 2016*

AÐ fór yfir fundargerðina.

Fundargerðin staðfest.

*Fundargerð lánanefndar nr. 20/16, 14. júlí 2016*

EGK fór yfir fundargerðina.

...

...

...

Fundargerðin staðfest.

*Fundargerð lánanefndar nr. 21/16, 19. ágúst 2016*

AÐ fór yfir fundargerðina.

...

....

...

Fundargerðin staðfest.

*Fundargerð lánanefndar nr. 22/16, 24. ágúst 2016*  
 AÐ fór yfir fundargerðina.

...

...

Fundargerðin staðfest.

Fundi frestað kl. 12:10 og framhaldið aftur kl. 12:45

## 6. Staða og helstu verkefni AVS

PB kom á fundinn og kynnti starfsemi og helstu verkefni AVS sjóðsins.

PB vék af fundi.

## 7. Byggðaáætlun 2017-2023

ÁR kom á fundinn og fór yfir vinnu við gerð Byggðaáætlunar, markmið hennar, áherslur, starfsnefndir og vinnsluferilinn.

ÁR vék af fundi.

## 8. Aflamark

SÁ kom á fundinn og sagði frá stöðu aflamarks Byggðastofnunar.

Nýverið voru samþykktar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða þannig að nú er aflamark það sem Byggðastofnun hefur til ráðstöfunar orðið varanlegt og hægt að gera samninga við útgerðir til allt að 6 ára í einu auk þess sem aflamarkið hefur verið aukið.

Verið er að undirbúa að bæta stjórnsýslu stofnunarinnar varðandi úthlutun aflamarksins, m.a. eftir ábendingum innri endurskoðanda. Stefnt er að því að leggja reglur um úthlutun fyrir næsta fund stjórnar.

Víðast hvar hefur úthlutun gengið áfallalaust og er fyrirhugað að senda fyrirspurnarbréf á þá aðila sem fengið hafa aflamark stofnunarinnar.

SÁ vék af fundi.

## 9. Önnur mál

*Bréf frá Langanesbyggð*

Byggðastofnun hefur borist bréf frá sveitarstjóra Langanesbyggðar og framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, þar sem áhyggjum er líst yfir stöðu sveitarfélagsins og óskað eftir aðkomu stofnunarinnar að málefnum þess.

Forstjóri lagði til að honum og forstöðumanni þróunarsviðs yrði falið að funda með sveitarstjóra Langanesbyggðar. Greina þyrfti málið betur.

Samþykkt samhljóða.

#### *Skilgreining svæða v. sauðfjárræktar*

Formaður upplýsti um að hún, varaformaður, forstöðumaður þróunarsviðs og SÁ hefðu átt fund með sjárvarútveg- og landbúnaðarráðherra þar sem farið var yfir tillögur stofnunarinnar á svæðum sem háðust eru sauðfjárrækt.

#### *Húsnæðismál*

AÐ upplýsti að Framkvæmdasýsla ríkisins væri að ljúka við drög að útboðsgögnum vegna nýrrar skrifstofubyggingar stofnunarinnar og hann ætti von á þeim í byrjun september.

#### *Þóknun stjórnar*

SJ spurðist fyrir um þóknun stjórnar. Formaður upplýsti að hún hefði sent sjárvarútvegs- og landbúnaðarráðherra bréf eftir fund stjórnar í maí en ekki fengið nein svör en hún myndi ýta á eftir svari.

### **10. Næsti fundur**

Næsti fundur verður haldinn 19. september á Sauðárkróki. SJ upplýsti að hún gæti ekki mætt og óskaði eftir að varamaður yrði kallaður inn fyrir hana.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:39

Magnús Helgason, fundarritari.

|       |       |
|-------|-------|
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |